



Fundur stjórnar Minjasafns Austurlands þ. 1. september 2020, kl. 15.30 í húsnæði Minjasafnsins að Laufskógum 1, Egilsstöðum.

Mættar stjórnarkonur: Ásdís Helga Bjarnadóttir formaður, Kristjana Björnsdóttir, Þórdís Sveinsdóttir, Sigrún Blöndal og Sigríður Sigmundsdóttir. Auk þess sat fundinn Elsa Guðný Björgvinsdóttir safnsstjóri.

Dagskrá:

1. Fjárhagsáætlun fyrir 2021
2. Framkvæmdir vegna menningarhúss
3. Skýrsla minjasafnstjóra
4. Önnur mál.

Formaður setti fund 15.40.

1. Fjárhagsáætlun ársins 2021. Safnsstjóri lagði fram drög að fjárhagsáætlun næsta árs. Helstu hækkanir í áætluninni eru á launalið en vegna samninga við BHM á þessu ári hækka laun starfsmanna. Áætlunin rædd og samþykkt að vísa henni áfram til frekari vinnslu.

2. Framkvæmdir vegna menningarhúss. Skipuð hefur verið byggingarnefnd á vegum Fljótsdalshéraðs vegna menningarhúss en þar er um að ræða framkvæmdir við Safnahúsið og Sláturhúsið. Safnsstjóri kynnti drög að stofnskrá Sigfúsarstofu, sem er verkefni í vinnslu hjá Fljótsdalshéraði.

3. Skýrsla safnsstjóra. Farið yfir þau verkefni sem safnið hefur unnið að síðastliðna mánuði. Tveir sumarstarfsmenn fengust í gegnum samstarf við Vinnumálastofnun. Tvær sýningar voru opnaðar á 17. júní. Gestir á safninu voru rúmlega 1000 yfir sumarmánuðina og voru Íslendingar í meirihluta. Minjasafnið var þátttakandi í samstarfsverkefnum m.a. með Þjónustusamfélaginu á Héraði. Safnið fékk styrk úr aukaúthlutun Safnaráðs v. Covid-19 frá Safnaráði (1,3 milljón kr.) til að endurskoða sýningardagskrá og söfnunar samtímaheimilda. Minjasafn Austurlands var tilnefnt til Íslensku Safnaverðlaunanna og var safnsstjóri viðstaddur afhendingu þeirra. Minjasafnið hefur unnið að skráningu muna á Lindarbakka á Borgarfirði en til þess verks fékkst styrkur í gegnum byggðaðpróunarverkefnið Betri Borgarfjörður (Byggðastofnun). Starfsmenn safnsins hafa veitt ráðgjöf vegna skrásetningar á munum í Ríkharðssafni á Djúpavogi. Sömu leiðis hefur verið veitt ráðgjöf vegna Nönnusafns í Berufirði. Safnsstjóri situr í starfshópi vegna Tækniminjasafnsins á Seyðisfirði og hefur ásamt starfsmönnum veitt starfsfólki þess ráðgjöf. Farskóli safnamanna verður í formi netráðstefnu að þessu sinni en þar verður þemað heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun. Framundan er meðal annars ljósmyndasýning á myndum sem teknar voru á tímum Covid-19, jóladagskrá o.fl.

4. Önnur mál.

Umræða varð um stöðu Minjasafnsins þegar 4 sveitarfélög sameinast nú í september. Það hefur ekki verið útfært enn og verður fyrst gert þegar ný sveitarstjórn tekur við að loknum kosningum 19. september nk.

Fleira ekki rætt. Fundi slitið 16.40

Fundargerð ritaði Sigrún Blöndal